



Reykjavíkurborg

Umsókn um ábyrgðaryfirlýsingu

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kennitala umsækjanda

Lögheimili

Póstnúmer

Netfang

Sími

Banki

Höfuðbók

Reikningsnúmer

Leigusali

Nafn

Kennitala

Heimilisfang

Netfang

Banki

Höfuðbók

Reikningsnúmer

Leiguhúsnaði

Heimilisfang

Póstnúmer

Nánar t.d. íbúðarnúmer

Fastanúmer

Leigutímabil

Frá

Til

Upphæð tryggingar

Hægt er að fá upplýsingar og skila inn umsókn á þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.
Upplýsingar veitir einnig þjónustuver Reykjavíkurborgar s. 411-1111

Fylgiskjöl

Áður en þú getur sótt um ábyrgðaryfirlýsingu þarft þú að vera búin/n að kanna rétt þinn á bankaábyrgð og láni frá bankanum þínum. Hér getur þú hlaðið upp staðfestingu frá banka um að réttur til láns og bankatryggingar sé ekki til staðar.

☐ Staðfesting frá banka um að réttur til láns eða bankatryggingar sé ekki til staðar

☐ Afrit af þinglýstum húsaleigusamningi

Samkvæmt IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og IV. kafla reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Umsækjandi vottar að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Umsækjandi skuldbindur sig til þess að láta velferðarsvið vita um breytingar á högum sínum/þeirra er varða tekjur, eignir, hjúskaparstöðu, dvalarleyfi eða annað sem áhrif hefur á umsókn þessa.

Dagsetning

Staður

Undirskrift umsækjanda

Persónuverndarfræðsla

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á rétt þinn til fjárhagsaðstoðar til framfærslu er velferðarsviðið Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú lætur af hendi í umsóknarferli. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir borgin þessar upplýsingar ótímabundið.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um fjárhagsaðstoð til framfærslu. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og þess opinbera valds sem borgin fer með. Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína. *Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er skattskyld. Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf. Heimilt er að synja umsókn um fjárhagsaðstoð ef umsækjandi neitar að veita upplýsingar um fjárhag sinn og/eða maka síns eða aðrar upplýsingar.*

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur á fjárhagsaðstoðar til framfærslu byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um alla umsækjendur: Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, hjúskaparstöðu, fjölskyldunúmer, fjölskyldugerð, kennitölu, símanúmer, netfang, stöðu umsækjanda, húsnæðisstöðu, skattskyldar tekjur á yfirstandandi ári og allt árið á undan, álagningaskrá: eignir og skuldir auk virðisaukaskattskrá, upplýsingar um ofgreiðslur, bankareikningur, tímabil umsóknar, eðli umsóknar og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli. Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Þá sækir borgin tilgreindar fjárhagsupplýsingar frá skattfyrirvöldum. Aðrar upplýsingar koma frá umsækjanda sjálfum. Ef umsækjandi hefur einhvern á sinni framfærslu er jafnframt unnið með upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili slíkra aðila sem sóttar eru frá Þjóðskrá. Ef umsækjandi greiðir meðlag er jafnframt óskað eftir upplýsingum um slíkar greiðslur. Umsækjanda er kunnugt um að nauðsynlegum upplýsingum kann að vera miðlað til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar m.a. frá Hagstofu Íslands, skattfyrirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun, umboðsmanni skuldara, Þjóðskrá, Útlendingastofnun, fangelsismálayfirvöldum, sjúkrasjóðum stéttarfélagi, Sjúkratryggingum Íslands, bankastofnunum, VIRK starfsendurhæfingarsjóði, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, sbr. 8. gr. reglna um fjárhagsaðstoð. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Umsækjanda er jafnframt kunnugt um að aflað verði upplýsinga um skráningu hans í nám við þær menntastofnanir sem bjóða upp á nám sem er lánshæft samkvæmt reglum Menntasjóðs námsmanna, sbr. 15. og 18. gr. reglna um fjárhagsaðstoð. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar kann að afla nauðsynlegra upplýsinga frá öðrum aðilum/stjórnvöldum eða úr gagnagrunni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til þess að geta lagt mat á og afgreitt umsókn þessa. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Þær upplýsingar sem velferðarsvið aflar í tengslum við umsókn þessa eru skráðar í gagnagrunn velferðarsviðs. Í þeim tilfellum sem það á við mun Reykjavíkurborg veita Útlendingastofnun upplýsingar varðandi veitta aðstoð á grundvelli reglna um fjárhagsaðstoð. Útlendingastofnun kann að byggja á þeim upplýsingum við ákvarðanatöku. Persónuupplýsingar eru ekki sendar annað án leyfis umsækjanda. Persónuupplýsingar sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar aflar vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð eru varðveittar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og eru starfsmenn bundnir þagnarskyldu.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Auk þeirra persónuupplýsinga sem þú lætur Reykjavíkurborg í té í umsóknarferli kallar Reykjavíkurborg eftir upplýsingum um þig frá Þjóðskrá og skattyfirvöldum. Þá kann Reykjavíkurborg að kalla eftir persónuupplýsingum þínum frá Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun og sýslumanni og öðrum í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðju aðila

Komi til þess að umsókn um fjárhagsaðstoð til framfærslu sé samþykkt er upplýsingum um fjárhæð samnings og bankareikning þinn miðlað til fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem kemur fram sem sameiginlegur ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu ásamt velferðarsviði. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um fjárhagsaðstoð til varðveislu. Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun borgin ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (personuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar (personuvernd.is).